

Lestrarkassinn

Nýtt efni til að þjálfa lestur og lesskilning (Gagnvirkt og til útprentunar)



Við kynnum í dag nýtt efni til að þjálfa lestur og lesskilning sem við köllum **lestrarkassann**. Í þessum fyrsta lestrarkassa af mörgum eru 50 lestextar og verkefni með þeim til að efla skilninginn. Textarnir skiptast í fimm flokka eftir þyngd og er hægt að vinna efnið beint af vefnum og/eða prenta það út. Til að nálgast gagnvirka hlutann þarf að skrá sig sérstaklega og verða allir að byrja þar á fyrsta stigi. Þegar viðkomandi hefur svo lokið þremur æfingum með viðunandi árangri færist hann sjálfkrafa upp á næsta stig (sjá nánari leiðbeiningar á síðunni). Það er von okkar að efnið hjálpi þeim sem vilja bæta sig í lestri almennt. Efnið hentar vel í einstaklingsmiðuðu námi og líka fyrir heilar bekkjardeildir. Þá er efnið aðgengilegt öllum helstu tækjum og tólum og nýjustu símum. Efnið er hugsað frá miðstigi og upp úr en auðvitað fer það eftir aðstæðum hverju sinni. Kynnið ykkur efnið og látið okkur endilega vita hvað ykkur finnst.

Samþætt nám

Efnið fellur ekki beint undir neina eina námsgrein en við leggjum áherslu á að allir textarnir séu bæði áhugaverðir og auki við þekkingu lesandans. Textarnir í þessum lestrarkassa falla undir fréttatengt efni, landafræði, náttúrufræði, listir, heimspeki og sagnfræði svo eitthvað sé nefnt. Má auðveldlega tengja þá flesta við ákveðnar námsgreinar. Þá höfum við hugsað okkur að bjóða up á þematengda lestrarkassa í framtíðinni.

Þjálfun skilar árangri

Að undanfögnu hefur orðið til mikil umræða um lestur og lesskilning í samfélaginu og virðist sem almennum lesskilningi hafi hrakað meðal nemenda þó svo taka beri allar slíkar staðhæfingar með varúð. Það breytir því þó ekki að mikilvægt er að þjálfa alla nemendur markvisst í lestri og lesskilningi, enda lestur lykilþáttur í flestu námi. Lestrarkassanum er ætlað að gera það og hann mætir nemandanum þar sem hann er staddur.

Í lestrarkassanum er boðið upp á fjölda stigskiptra lestexta sem sameina það að þjálf almennan lestur og það að nýta sér upplýsingagildi þeirra. Textarnir eru mislangir; þeir stystu undir hundrað orðum og fer upp um hundrað á hverju stigi, en 5. og efsta stigið í þessum kassa inniheldur á bilinu 400-500 orð.

Hvað geri ég? (Leiðbeiningar)

Efnið er þannig útbúið að auðvelt er að grípa í það með litlum eða engum fyrirvara og án þess að mikið skipulag sé að baki. Við mælum þó með að notendur fylgi leiðbeiningum okkar ef ætlunin er að þjálf sig markvisst í lestri og lesskilningi. (Það á reyndar ekki við um gagnvirka hlutann, en þar er allur framgangur ákveðinn eftir árangri). Það ætti enda ekki að vera neinum þolraun að fara í gegnum allt ferlið þar sem allir textarnir búa yfir áhugaverðum fróðleik og eru efnislega óháðir aldri nemendanna. Þeir sem lengra eru komnir verða þá bara fljótari að fara í gegnum það. Í útprentanlegu útgáfunni er þó hverjum og einum í sjálfsvald sett að velja hvar hann/hún byrjar.

Athugið að til þess að geta tekið þátt í gagnvirka leiknum (lestrarkassanum) verðið þið að skrá ykkur. Það gerið þið með því að smella á *innskráning* á forsíðu lestrarkassans.

Grunnaðferð (gagnvirki hlutinn)

1. Texti valinn.
2. Orðalistinn skoðaður og/eða hlustað á hann upplésinn.
3. Rennt yfir spurningarnar sem fylgja textanum.
4. Textinn lesinn.
5. Spurningum svarað.
6. Athuga niðurstöður (og velja texta í samræmi við þær)

Grunnaðferð (útprentanlegt efni)

1. Texti valinn og prentaður út ásamt með matsblaði.
2. Orðalistinn sem fylgir textanum skoðaður.
3. Rennt lauslega yfir spurningarnar sem fylgja textanum.
4. Textinn lesinn.
5. Spurningum svarað.
6. Niðurstöður skráðar á matsblað.
7. Ákvörðun um áframhald miðast við niðurstöður síðasta texta (sjá viðmiðunartöflur).

Flokkun texta

1. stig	Textar þar sem reynt er að notast við styttri orð og setningar án þess þó að skerða innihaldið á nokkurn hátt. Fimm til sex spurningar með fjórum svarmöguleikum. Orðalistar fylgja.	0 – 100 orð
2. stig	Textar þar sem reynt er að notast við styttri orð og setningar án þess þó að skerða innihaldið á nokkurn hátt. Fimm til sex spurningar með fjórum svarmöguleikum. Orðalistar fylgja.	100 – 200 orð
3. stig	Óbreyttir og sérvaldir textar úr ýmsum áttum. Sjö til átta spurningar með fjórum svarmöguleikum. Orðalistar fylgja.	200 – 300 orð
4. stig	Óbreyttir og sérvaldir textar úr ýmsum áttum. Átta til tíu spurningar með fjórum valmöguleikum. Orðalistar fylgja.	300 – 400 orð
5. stig	Óbreyttir textar úr ýmsum áttum. Tíu til tólf spurningar með fjórum valmöguleikum. Orðalistar fylgja.	400 – 500 orð

Er það trú okkar að lestrarkassinn geti hjálpað mörgum að ná betri tókum á þeirri list að lesa sér til gagns og gamans. Í nútímasamfélagi reynir stöðugt á þá hæfni, hvort sem er í námi eða öðru og eins og með allt annað þá þarf að þjálf sig í því sem maður vill gera góður í.

Yfirlit yfir texta:

1. stig - Textar

- Afríka. (6 spurningar) (68 orð) (**landfræði**)
- *Hér er á ferðinni góður almennur fróðleikur um næst stærstu heimsálfuna*
- Gambía. (5 spurningar) (68 orð) (**landfræði**)
- *Kynnið ykkur þetta heillandi land í Afríku.*
- Elsti maraþonhlauparinn. (6 spurningar) (90 orð) (**fréttir**)
- *Það eru ekki allir sem geta hlaupið maraþon 101 árs*
- Þorp til sölu. (6 spurningar) (92 orð) (**fréttir**)
- *Hvernig væri að skella sér á eins og eitt stykki þorp*
- Esperantó. (6 spurningar) (96 orð) (**fróðleiksmoli**)
- *Á sínum tíma trúðu margir að Esperantó myndi brúa bil á milli þjóða*
- Luciano Pavarotti. (6 spurningar) (96 orð) (**listir**)
- *Pavarotti er og verður alltaf einn fremsti óperusöngvari allra tíma*
- Eiffel turninn. (6 spurningar) (99 orð) (**fróðleiksmoli**)
- *Hér gefst tækifæri til að kynna sér þetta merka mannvirki sem er þrýði Parísarborgar*
- Geimhótel. (6 spurningar) (99 orð) (**fréttir**)
- *Já, hver vill ekki fá að gista eina nótt úti í geimnum?*
- Mörgæs á flóttu. (6 spurningar) (99 orð) (**fréttir**)
- *Mörgæsir geta stundum verið erfiðar eins og mannfólkið*
- Galapagos. (6 spurningar) (100 orð) (**landfræði**)
- *Hér segir af Galapagos og risaskjaldböfum*

2. stig - Textar

- Lego. (5 spurningar) (106 orð) (fróðleiksmoli)
- *Hvenær ætli þessir sívinælu kubbar hafi orðið til?*
- Ísskápar. (6 spurningar) (112 orð) (fróðleiksmoli)
- *Þetta þarfaping sem við getum fæst verið án á sér áhugaverða sögu.*
- Árekstur við hval. (6 spurningar) (116 orð) (fréttir)
- *Það borgar sig að fara varlega á brimbrettum.*
- Iðunn. (6 spurningar) (123 orð) (goðafraeði)
- *Það er alltaf gaman að lesa um gömlu goðin.*
- Margt býr í undirdjúpunum. (7 spurningar) (125 orð) (náttúrufræði)
- *Það er margt enn á huldu um Suðurskautslandið.*
- Bill í óskilum. (6 spurningar) (128 orð) (fréttir)
- *Réttlætið sigrar oft þótt það taki tíma.*
- Nautahlaup í Pamplona. (6 spurningar) (139 orð) (landafræði)
- *Já, það er margt sem mannfólkið gerir sér til gamans.*
- Fornminjar í hættu. (6 spurningar) 8142 orð) (fréttir)
- *Hversu verðmæt er fortíðin? Ber okkur að varðveita hana?*
- Köttur verður bæjarstjóri. (6 spurningar) (159 orð) (fréttir)
- *Þetta eigum við Íslendingar eftir að prófa.*
- Höfundur tölvuleikja. (6 spurningar) (197 orð) (fróðleiksmoli)
- *Fáir leikir hafa notið jafn mikilla vinsælda og Super Mario Bros.*

3. stig - Textar

- Landshöfðingjatímabilið. (8 spurningar) (229 orð) (sagnfræði)
- *Landshöfðingjatíminn er merklegur tími í sögu lands og þjóðar.*
- Hjól. (8 spurningar) (233 orð) (fróðleiksmoli)
- *Hér segir frá því hvernig reiðhjólið, þetta þarfaping, varð til.*
- Mona Lisa. (7 spurningar) (251 orð) (listir)
- *Allir verða að kunna skil á þessu frægasta málverki sögunnar.*
- Torfhildur Hólm. (8 spurningar) (253 orð) (sagnfræði)
- *Hér segir frá merkri konu og fyrsta atvinnurithöfundu okkar Íslendinga.*
- Kínverska tungldagatalið. (7 spurningar) (278 orð) (fróðleiksmoli)
- *Sinn er siður í landi hverju og kínverska dagatalið er ansi frábrugðið okkar.*
- Norræna tímatalið. (8 spurningar) (279 orð) (fróðleiksmoli)
- *Það er alltaf gaman að kynna sér hvað býr að baki þeim viðmiðum sem við lifum við.*
- Brot úr réttindabaráttu íslenskra kvenna 1. (8 spurningar) (287 orð) (sagnfræði)
- *Því miður eru almenn mannréttindi ekki sjálfgefin eins og mýmörg dæmi eru um.*
- Annálabrot. (9 spurningar) (291 orð) (sagnfræði)
- *Það er alltaf gaman að kynna sér atburði fortíðarinnar.*
- Þorskastríðin. (8 spurningar) (292 orð) (sagnfræði)
- *Til allrar hamingju er sagan um Davíð og Goliát ennþá að gerast.*
- Tansanía. (8 spurningar) (293 orð) (landafræði)
- *Hér getið þið fræðst um þetta áhugaverða land.*

4. stig - Textar

- Bardaginn við Somme. (10 spurningar) (306 orð) (sagnfræði)
- *Þessi hildarleikur var einn mannskæðasti bardagi fyrri heimsstyrjaldarinnar.*
- Elsta flöskuskeytið. (10 spurningar) (335 orð) (fréttir)
- *Hér segir frá flöskuskeyti sem fannst rúmlega einni öld eftir að það var sent.*
- Er matur rusl? (10 spurningar) (339 orð) (fróðleiksmoli)
- *Það er ótrúlegt að lesa þetta í ljósi þess hve margir líða skort í heiminum.*
- Norður-Ameríka. (10 spurningar) (341 orð) (landafræði)
- *Hér er stiklað á mjög stóru í sögu þessa merkilega svæðis.*
- Arabíu Lawrence (1888-1935). (9 spurningar) (346 orð) (sagnfræði)
- *Arabíu-Lawrence var ein af hetjum fyrri heimsstyrjaldarinnar.*
- Síldin. (10 spurningar) (346 orð) (náttúrufræði)
- *Síldin er áhugaverður fiskur sem gegnir mikilvægu hlutverki í atvinnulífinu.*
- Fljúgandi diskur. (10 spurningar) (352 orð) (fréttir)
- *Er líf að finna annars staðar og hafa geimverur komið til jarðar?*
- Merkúr. (9 spurningar) (365 orð) (Stjörnufræði)
- *Himingeimurinn heillar og menn tengdu stjörnurnar við guði.*
- Margt er líkt með skyldum. (10 spurningar) (393 orð) (fréttir)
- *Ótrúleg saga sem gefur til kynna að erfðir skipta miklu máli.*
- Sögulegir peningar. (10 spurningar) (393 orð) (fréttir)
- *Hér segir frá peningafundi sem breytir sýn okkar á heimssöguna.*

5. stig - Textar

- Ísland hernumið. (10 spurningar) - (410 orð) (sagnfræði)
- *Þann 10. maí 1940 var Ísland hernumið en það var upphafið að því að landið varð sjálfstætt.*
- Pablo Picasso. (10 spurningar) - (418 orð) (listir)
- *Picasso er einn af risum listasögunnar og má sjá áhrif hans víða enn í dag.*
- Jules Verne. (12 spurningar) - (453 orð) (bókmenntir)
- *Enn er verið að gera kvikmyndir úr sögum þessa frægasta rithöfundar 18. aldar.*
- Tannhvalir. (10 spurningar) - (463 orð) (náttúrufræði)
- *Hvalir skiptast í skíðishvali og annhvali. Hér segir frá þeim síðarnefndu.*
- Pales. (11 spurningar) - (463 orð) (sagnfræði)
- *Ætli kenningar þessa fyrsta vestræna heimspekings eigi enn við í dag?*
- Tarsan. (10 spurningar) - (466 orð) (bókmenntir)
- *Var Tarsan apabróðir kannski fyrsta ofurhetjan?*
- Sæmundur fróði Sigfússon. (11 spurningar) - (471 orð) (sagnfræði)
- *Allir kannast við sögurnar af Sæmundi fróða en hér kynnast þeir mannum á bak við þær.*
- Róm frá 180 til 284. (11 spurningar) - (483 orð) (sagnfræði)
- *Á þessu 100 ára skeiði í sögu Rómar fræðumst við m.a. um Commodus sem segir frá í myndinni The Gladiator.*
- Lok síðari heimsstyrjaldar. (10 spurningar) - (484 orð) (sagnfræði)
- *Það er ekki nema ein öld liðin frá því heimurinn var fanginn af þessu hræðilega stríði.*
- Elvis Presley. (10 spurningar) - (485 orð) (listir)
- *Elvis Presley hefur stundum verið kallaður konungur rokksins.*